

Nd.

126. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Á eftir 56. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 57. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):

Rétt til þess að vera skipstjóri á fyrirhuguðum bílferjuskipum á Hvalfirði hefur hver sá, sem hefur skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr.

Tölu yfirmanna á ferjuskipum þessum ákveður samgöngumálaráðherra að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans og skólastjóra vélstjóraskólans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, var á síðastliðnu sumri hafinn undirbúningur að lendingarbótum í Hvalfirði vegna væntanlegrar bílferju yfir fjörðinn. Eru lendingarstaðir ferjunnar ákveðnir við Eyri í Kjós og Katanes á Hvalfjarðarströnd. Er 5—10 mínútna sigling yfir fjörðinn milli þessara staða. Tvö bílferjuskip hafa verið keypt til þess að halda uppi siglingum á þessari leið, og er burðarmagn hvors þeirra um 150 smálestir.

Kröfur þær, sem gerðar eru í lögum um atvinnu við siglingar um tölu yfirmanna á verzlunar- og fiskiskipum, virðast ekki eiga við um bílferjur þær, sem hér um ræðir, á þessari örstuttu innfjarða siglingaleið, og þá ekki heldur kröfur laganna um prófréttindi skipstjóra.

Er því lagt til í frv. þessu, að hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipum nægi til skipstjóraréttinda á ferjunum, og að það sé lagt í vald samgöngumálaráðherra að ákveða tölu yfirmanna á þeim, að fengnum tillögum tveggja kunnáttumanna á þessu sviði.